

## FUNDARGERÐ

Árið 2022, mánudaginn 23. maí kl. 17:20, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Steinahlíð í Skagafirði.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Óskari Helga Þorleifssyni, sem ritaði fundargerð, og Ragnari Ágústi Róbertssyni.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 27. apríl 2022.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Framlag ríkissjóðs

Lagt var fram erindi Fjársýslu ríkisins vegna lögbundins framlags ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2021. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nemur framlag ríkissjóðs 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og 0,64% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Niðurstaða ríkisreiknings 2020 reyndist nokkuð hærri en áætluð innheimta sem útreikningur framlags ársins 2020 byggði á og er það leiðrétt í uppgjöri ársins 2021. Nemur leiðréttingin um 158 m.kr.

Innheimtar skatttekjur á árinu 2021 eru áætlaðar um 783 ma.kr. og nam álagningarstofn útsvars samtals 1.701 ma.kr. Nam ríkisframlag 2021 þá samtals 21,2 ma.kr.

### 3. Fasteignaskattsframlag 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2022. Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2022 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2021 ásamt upplýsingum um álagningaprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2022. Áætlað uppgjör er byggt á fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.858.840.000 kr. Til greiðslu hafa komið 2.915 m.kr. og áætlað uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júní til september 2022 með jöfnum greiðslum samtals að fjárhæð 1.944 m.kr. eða 486 m.kr. í hvert sinn.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að áætlunin yrði samþykkt.*

#### 4. Efling tónlistarfræðslu

Lögð var fram áætlun um framlög til eflingar tónlistarnáms skólaárið 2021-2022, skv. 2. mgr. 1. gr. reglna um umframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Á grundvelli 3. gr. reglnanna ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022. Framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingar tónlistarnáms er 661,6 m.kr. á árinu 2022.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.*

#### 5. Málefni Sólheima og Skálatúns

Lagt var fram til umfjöllunar greinargerð frá framkvæmdastjóra Skálatúns þar sem farið er yfir erfiða fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Fram kemur að Skálatún er í alvarlegum greiðsluferfiðleikum og að óbreyttu stefni reksturinn í þrot. Fram kom jafnframt að skuldirnar sem Skálatún getur ekki staðið í skilum með sé þess eðlis að leysa þurfi fjárhagsvanda stofnunarinnar fljótt.

Mosfellsbær og Skálatún hafa rætt um framtíðarfyrirkomulag á rekstri stofnunarinnar og svo virðist sem aðilar séu sammála um að best væri að Mosfellsbær taka reksturinn yfir, ásamt skuldbindingum og eignum.

Lagt var fram til umfjöllunar erindi frá Bergrisanum, dags. 22. mars 2022, þar sem lögð er fram beiðni um sérstakt framlag að fjárhæð 61,8 m.kr. úr Jöfnunarsjóði vegna lækkunar framlaga til Sólheima árið 2021.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ekki væri vilji til þess að koma Skálatúni til aðstoðar vegna erfiðrar fjárhagsstöðu og lagt til að sérfræðingum sjóðsins verði falið að vinna málið áfram milli funda með fulltrúum í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Jafnframt verði skoðað með að vísa málinu til umfjöllunar í starfshópi sem ætlað er að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Afstaða nefndarinnar um sérstakt viðbótarframlaga til Bergrisans var afgreitt með sama hætti.

#### 6. Skýrsla um heildarskoðun laga um fatlað fólk

Lögð var fram til kynningar skýrsla um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, sem kom út á vegum félagsmálaráðuneytisins í maímánuði 2022. Einnig var lagður fram til kynningar viðauki hennar; skýrsla starfshóps um greiningu á

kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020. Formaður starfshópsins, Haraldur Líndal Haraldsson, mun koma fyrir næsta fund nefndarinnar og flytja kynningu á efni skýrslunnar.

#### **7. Almenn framlög fatlað fólk**

Lögð var fram 2. áætlun um almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks. Samtals er áætlunin að fjárhæð 19.270.000.000 kr. Helstu breytingar 2. áætlunar eru þær að búið að uppfæra áætlunina miðað við endanleg framlög ársins 2021.

*Að lokinni umfjöllun var áætlunin samþykkt.*

#### **8. Fasteignasjóður – framlög vegna úrbóta á aðgengismálum**

##### **Grímsnes- og Grafningshreppur**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grímsnes- og Grafningshrepps þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum í Kerhólsskóla. Sótt er um framlag til kaupa og uppsetningar á lyftu í skólanum. Heildarkostnaður við kaup og uppsetningu á lyftu ásamt öðru í tengslum við framkvæmdina er 6,7 m.kr.

Í vinnureglum um framlög á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021 um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gert ráð fyrir að þjónustusvæði standi saman að umsóknum. Jöfnunarsjóði barst erindi frá Bergrisanum bs. var lagt til, með vísan til ákvörðunar stjórnar byggðasamlagsins, að Grímsnes- og Grafningshreppur fengi úthlutað 702.022 kr. vegna framkvæmdarinnar.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 702.022 kr. vegna framkvæmdarinnar.*

##### **Dalabyggð**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Dalabyggðar þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum í heilsueflingarhúsnæði í Búðardal. Óskað er eftir framlagi að fjárhæð 1.230.000 kr. Í vinnureglum um framlög á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021 er gert ráð fyrir að sveitarfélag, sem mynda þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks, standi saman að umsóknum en ekki liggur fyrir hvort að þjónustusvæðið, sem Dalabyggð er aðili að, sé samþykkt umsókninni.

*Nefndin ákvað að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að kanna hvort samþykki annarra sveitarfélaga þjónustusvæðisins fyrir umsókninni lægi fyrir.*

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson